

Þjónustusamningar hjúkrunarheimila



Félagsfundur SFV

Mánudaginn 3. október 2016
Skjól v/ Kleppsveg



Dagskráin í dag...

Rammasamningur um þjónustu hjúkrunarheimila er tilbúinn (nánast).

Í hverju felst þessi samningur?

Hvað gerist næst?



Sagan...

Í janúar 2015 hófust formlega samningaviðræður milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um þjónustusamninga hjúkrunarheimila.

Búið er að halda yfir um 50 formlega samningafundi og fjöldi vinnufunda um einstök atriði, auk undirbúningsfunda af ýmsu tagi af beggja hálfu.

7. september 2016

Samninganefnd SFV og Sambands ísl. sveitarfélaga ná samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands um meginatriði rammasamnings vegna þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum hjúkrunarheimila.

Rammasamningur tilbúinn

Samningaviðræður staðið yfir í 20 mánuði og því miður er ansi margt af okkar áherslum sem ekki hafa náðst fram.

Af hálfu SFV teljum við samt að samkomulag þetta sé áfangasigur og að betra sé að ganga frá rammasamningi á þessum nótum heldur en að slíta viðræðum.

Félagsfundir SFV 2016 til kynningar á stöðu mála:

3. júní - 8. ágúst - 3. október

Flest ágreiningsmál komin í vinnuhópa sem eiga að fara betur yfir málin á samningstímanum.

Helstu atriðin:

Heildarhækkun á framlögum ríkisins til hjúkrunarheimila er um 1,5 milljarð króna á árinu 2016 (6%)

Þar af verða styrktar grunnforsendur í rekstri hjúkrunarheimila um 1 milljarð króna og forsendur hjúkrunarþyngdarstuðla í RAI - mati verða styrktar um 245,7 milljónir króna. Samræmt húsnæðisgjald verður óháð tegund rýmis og mun hámarksgjald miðast við 65 ferm. í stað 60 ferm. Þetta leiðir til hækkunar á húsnæðisgjaldinu um 208,1 milljónir króna.

Smæðarálag helst óbreytt fyrst um sinn.

Í bókun kemur fram að ríki og sveitarfélög séu sammála um að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélaga með sambærilegum hætti og ríkið hefur yfirtekið skuldbindingar annarra hjúkrunarheimila. Þetta þýðir að lífeyrisskuldbindingar hverfa út úr ársreikningum þessara heimila til framtíðar litið.

Greiðslur fyrir dvalarrými er að hækka um 9% (12.636 kr. í 13.722 kr.)

Meðalgreiðsla fyrir hjúkrunarrými er að hækka um 5,4% (úr 26.588 kr. í 28.980 kr.)

Hjúkrunarheimili þurfa að starfa í samræmi við kröfulýsingu velferðarráðuneytisins

Á næsta ári munu samningsaðilar vinna áfram að gerð reiknimóðels um raunkostnað hjúkrunarheimila, skoða nánar húsnæðismál hjúkrunarheimila, sem og skráningu og kennslu á RAI - matskerfið.



Samningurinn sjálfur

Word-skjal



Kröfulýsing tekur gildi 1. janúar 2017

Kröfulýsingu (3. útgáfa) hefur verið breytt. Aðallega einfölduð og almennara orðalag.

- Mikilvægt að átta sig á hvað stendur nákvæmlega og hvað ekki!
- Gert opinbert að viðmið Embættis landlæknis um mönnun gilda ekki á hjúkrunarheimilum.
- Hvað er þjónusta sem á að veita og hvað er lúxus/sjálfböðavinna?

Allir verða að fara eftir kröfulýsingunni

- Hægt verður að sækja um undanþágur (sjá 3. gr. rammasamnings).

Nóvember - Kynningarfundur fyrir stjórnendur hjúkrunarheimila

Markhópur: Framkvæmdastjórar, deildarstjórar og aðrir stjórnendur

Hvernig á ég að vinna eftir samningnum/kröfulýsingunni?

Ýmsar praktískar upplýsingar og nálganir

Hvað gerist næst?

Rammasamningurinn verður kynntur opinberlega í vikunni

Hjúkrunarheimili þurfa sjálf að gerast aðilar að rammasamningnum með formlegum hætti

Fyrir 15. nóvember, ætli þau sér að fá sinn hluta af 1,5 milljarða viðbótargreiðslum ársins.

Kröfulýsing velferðarráðuneytis tekur gildi: 1. janúar 2017

Allir þurfa að vinna eftir henni

Þarf heimilið mitt einhverjar undanþágur?

Ráðstefna um stöðu mála hjúkrunarheimila – 18. október.

Í nóvember - Kynningarfundur fyrir stjórnendur hjúkrunarheimila

Markhópur: Framkvæmdastjórar, deildarstjórar og aðrir stjórnendur

Hvernig á ég að vinna eftir samningnum/kröfulýsingunni?

Ýmsar praktískar upplýsingar og nálganir



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU